

Ed.

550. Nefndarálit

[221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5
13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið. Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þeirri breytingu sem lögð er til.

Rökstuðningur fyrir þeirri breytingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er eingöngu markaðsaðstæður eins og þær eru einmitt um þessar mundir. Reynslan sýnir hins vegar að markaðsaðstæður geta skjótlega breyst, ekki sist í skreiðar-sölu. Eltingarleikur við markaðsaðstæður mun því í fyrsta lagi skapa eilíft hringl og óvissu. Í öðru lagi er mismunur í útflutningsgjaldi á grundvelli markaðsverðs á hverjum tíma stórvarasamt, því að hvatningin til að gera góða sölusamninga hverfur ef ábatinn af því er jafnharðan tekinn til baka með hækkun á útflutningsgjaldi.

Alþingi, 24. mars 1981.

Guðm. Karlsson,
frsm.

Kjartan Jóhannsson.

Egill Jónsson.